

Reglugjörð

fyrir forðagæslumenn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

1. gr.

Forðagæslumenn, sem kosnir eru í hverjum hreppi, skulu hver eða hverir í sínu umdæmi hafa gát á heybirgðum, kornvörubirgðum og öðrum fóðurbirgðum hreppsbúa og meðferð þeirra á búpeningi. Stærð og takmörkun forðagæslu-umdæma ákveður hlutaðeigandi hreppsnefnd.

2. gr.

Hver forðagæslumaður skal koma tvisvar á vetri til eftirlits á hvert heimili, sem honum hefir verið falið til umsjónar. Skal hin fyrri ferðin framkvæmd eftir atvikum á tímabilinu frá 20. oktbr. til 15. nóvbr., og hin síðari á tímabilinu frá 15. mars til 15. apríl. Þar að auki skulu forðagæslumenn kynna sjer vandlega að vorinu fyrir fardaga fyrningar og skepnuhöld á hverju heimili, á þann hátt, er þeim sjálfum þykir hentugastur í hvert sinn. Í hverri ferð skulu forðagæslumenn athuga vandlega peningsfjölda hvers búanda og meðferðina á skepnunum. Þeir skulu ávalt rannsaka heybirgðir, kornvörubirgðir og aðrar fóðurbirgðir á hverju heimili, svo og húsakynni fyrir búpening.

Þar að auki skulu forðagæslumenn, svo oft sem þörf krefur, gera sjer aukaferðir á heimili, sem lenda í þröng.

3. gr.

Í hverjum hreppi skulu forðagæslumenn vera umsjónarmenn forðabúra, ef nokkur eru, svo og kornvörubirgða í verslunum, ef hreppsnefnd hefir trygt sjer aðgang að þeim.

4. gr.

Forðagæslumenn skulu rita allar skoðunargerðir sínar í þar til gerða bók með prentuðum dálkum og fyrirsögnum, löggilta af sýslumanni. Forðagæslubækur eru landseign og sendast Landsskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru eftir nánari ákvæðum bjargráðastjórnar.

Eftir hverja skoðun skulu forðagæslumenn tilkynna hreppsnefnd brjeflega, hvernig ásatt er í hreppnum, og láta fylgja tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir.

Ef þörf gjörist á aukaskoðunum, skulu þeir jafnan láta hreppsnefnd vita, hvers þeir verða visari, og hvernar hjálpar sje þörf, ef illa er ástatt.

5. gr.

92

24. júlí

Það er skylda forðagæslumanna að gefa hverjum búanda, er þess leitar, holl ráð og bendingar um heyásetning og skepnuhirðingu.

Á hverju vori skulu þeir veita hverjum búanda vitnisburð í skoðunarbók sinni um ástand búpenings og skepnuhirðingu, sem táknaður skal með tölunum 6—1, er merki: ágætlega, vel, sæmilega, laklega, illa, afarilla. Skulu þeir því næst senda hreppsnefnd áleiðis til sýslumanns upp úr fardögum aðalskýrslu um það fardagaár, sem þá er á enda, og leggur sýslumaður skýrslurnar fyrir næsta sýslunefndarfund til athugunar.

Á næstu vorhreppaskilum eða almennum sveitarfundi skal forðagæslumaður lesa upp úr forðagæslubók umdæmis sins alt það, sem í hana hefir verið skráð frá síðustu hausthreppaskilum.

6. gr.

Forðagæslumenn skulu kosnir til þriggja ára, þó þannig að þeir, sem kosnir voru til þessa starfs vorið 1914, hafa eigi það starf lengur en til hreppsnefndarkosningar 1916. Enginn karlmaður, sem er skyldugur til að taka á móti kosningu í hreppsnefnd, getur skorast undan að takast á hendur þetta starf.

7. gr.

Fyrir starf sitt skulu forðagæslumenn fá borgun eftir samkomulagi við hreppsnefndina, alt að 2 kr. um daginn, hvern þann dag, sem þeir eru í skoðunarferð og greiðst hún úr sveitarsjóði.

Ef búandi kemst í fódurþröng, og finnur forðagæslumaður, að búpeningur hans sje í slæmu standi, eða líkur til að skepnurnar kunni að kveljast eða falla af fódurskorti, þá skal hann hvetja búandann til þess að afla sjer fódurs, ef unt er, eða ráða honum, hverju hann skuli farga af búpeningi sínum, ef hvergi er hjálparvon.

8. gr.

Ef búandi er í fódurþröng og vill ekki fara að ráðum forðagæslumanns, hvorki afla sjer fódurs nje farga nokkru af skepnum sínum, þá skal forðagæslumaður tafarlaust skýra hreppstjóra frá öllum málavöxtum.

Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að álitu forðagæslumanns um að kenna fódurskorti, hirðuleysi eða harðýðgi þess, er fjenaðinn hefir undir hendi, og skal þá forðagæslumaður tafarlaust tilkynna það hreppstjóra ásamt öllum málavöxtum.

9. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 5 til 100 kr. Sektirnar renna í sveitarsjóð.

24. júlí

Með mál, er rísa útaf brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu 10. nóv. 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 24. júlí 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

26. júlí

Samþykkt

um girðing í fremri hluta Hvítársíðuhrepps (Króknum).

Sýslunefndin í Mýrasýslu hefir samkvæmt girðingalögum 22. nóvbr. 1913 gert eftirfarandi samþykkt um girðing í fremri hluta Hvítársíðuhrepps (Króknum).

1. gr.

Í Hvítársíðuhreppi skal vera gaddavirsgirðing frá Hólmavatni suðaustur til Norðlingafljóts fyrir neðan (vestan) Kleppa, á merkjum milli Þorvaldsstaðalands og Fljótstungu að vestan, og afrijettarlands Hálsahrepps og Reykdælinga að austan.

2. gr.

Girðingin skal vera með þeirri gerð, sem ákveðin er í gildandi lögum og reglugjörð um gaddavirsgirðingar.